

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – janúar 2026

Skráð atvinnuleysi í janúar var 4,9%

Skráð atvinnuleysi í janúar var 4,9% og jókst um 0,5% frá síðasta mánuði. Í janúar 2025 var atvinnuleysið hins vegar 4,2%.

Að meðaltali voru 9.748 atvinnulausir í janúar, 5.852 karlar og 3.896 konur. Meðalfjöldi atvinnulausra fjölgaði um 705 manns milli mánaða.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í janúar eða 8,9% líkt og í fyrri mánuði.

Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 1,9%.

Alls komu inn 168 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun Vinnumálastofnunar í janúar.


Atvinnulausir voru 10.185 í lok janúar, 6.076 karlar og 4.109 konur.

Í janúar 2026 gaf Vinnumálastofnun út 302 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 256 á höfuðborgarsvæðinu.

Í janúar voru 198 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 3 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi fari hækkandi í febrúar og verði um 5,0-5,1%.

Þróun atvinnuleysis frá janúar 2024 til janúar 2026



Atvinnuástand eftir landshlutum


Atvinnuleysi jókst og fór úr 4,4% í 4,9% á landinu sem heild og nokkrar breytingar áttu sér stað á milli svæða.

Atvinnuleysi hækkaði mest á Vesturlandi, fór úr 3,6% í 4,1%. Atvinnuleysi hækkaði allsstaðar á landinu, nema á Suðurnesjum þar sem það stóð í stað. Atvinnuleysi var 5,0% á landsbyggðinni í janúar mánuði og 4,7% á höfuðborgarsvæðinu.

Atvinnuleysi var lægst á Norðurlandi vestra eða 1,9%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í desember og janúar.


Atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi karla var hærra en kvenna á landinu öllu í janúar og á öllum svæðum utan Vestfjarða. Mestur var munurinn á atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu þar sem atvinnuleysi var 5,3% meðal karla en 4,1% hjá konum og á Norðurlandi eystra þar sem atvinnuleysi karla var 4,6% en atvinnuleysi kvenna 3,4%. Á Vestfjörðum var því þó öfugt farið en þar mældist 3,2% atvinnuleysi meðal kvenna en 3,1% meðal karla.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í janúar.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Atvinnulausir í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 10.185 í lok janúar, 6.076 karlar og 4.109 konur. Fjölgaði atvinnulausum körlum um 335 frá desemberlokum en atvinnulausum konum fjölgaði um 258.

Alls voru 2.756 atvinnuleitendur á aldrinum 18-29 ára án atvinnu í lok janúar og fjölgaði um 210 frá lokum desember.


Alls höfðu 1.772 atvinnuleitendur verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok janúar. Í janúar 2025 var fjöldi þeirra hins vegar 1.420 og nemur fjölgunin 352 á milli ára.

Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru 1.847 í janúar síðastliðnum en voru 1.684 í janúar 2025.

Atvinnugreinar

Atvinnulausum fjölgaði heilt yfir í janúar en þróunin var misjöfn eftir atvinnugreinum. Mest var hún í ferðapjónustu þar sem atvinnulausum fjölgaði um 193 og í verslun og vöruflutningum þar sem fjölgaði um 81. Þá fjölgaði um 77 í flokknum opinber þjónusta, fræðsla, heilbrigðis- og félagsþjónusta og um 68 í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð. Minniháttar fækkun í atvinnuleysi var í nokkrum flokkum.

Atvinnulausir eftir atvinnugreinum




Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 5.910 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok janúar og fjölgaði um 172 frá því í lok desember. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var 58% í lok janúar.


Vinnumálastofnun áætlað að atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara hér á landi hafi verið 10,6% í janúar samanborið við 2,7% hjá Íslendingum.

Erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá, þróun síðustu 2 ár



Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 2.327 sem eru um 39% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst komu atvinnuleitendur frá Litáen, Úkraínu og Rúmeníu.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara eftir þjóðerni í lok janúar 2026




Atvinnuleyfi

Atvinnuleyfi

Í janúar 2026 gaf Vinnumálastofnun út 302 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 256 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 123 leyfi til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 179 leyfi voru framlengd.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í janúar, hvort sem það var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna náms eða 91 leyfi. Þá voru gefin út 61 leyfi vegna sérfræðiþekkingar og 56 vegna fjölskyldusameininga. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í janúar voru flest leyfi gefin út vegna stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra eða 33%, 23% vegna þjónustustarfa og 21% vegna verkafólks. Um 24% voru í öðrum starfsgreinum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í janúar 2026




Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis, í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í janúar voru gefin út 120 vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 75 einstaklingar, 7 fóru til Rúmeníu og 6 til Tékklands. Þá voru gefin út 32 vottorð til viðbótar til 13 annarra ríkja.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, janúar 2026




Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun

Alls komu inn 168 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í janúar. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða 102 störf, önnur voru almenn störf eða Eures störf. Um það bil 39% starfanna voru á höfuðborgarsvæðinu, 28% á Suðurnesjum og 10% á bæði Suðurnesjum og Vesturlandi. Þá voru tæp 13% annars staðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í janúar 2026



Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum og fara af skrá í allt að sex mánuði á ráðningu með styrk. Í janúar voru 198 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 3 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk. Flestir þátttakendur voru á höfuðborgarsvæðinu eða 142 einstaklingar.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölur út frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.